

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs

Hótel Selfossi 20. október 2017

1. Setning

Jón G. Valgeirsson, formaður SOS, setti fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Örnú Ír Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

3. Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS að kjörbréfa- og kjörnefnd.

Kjörbréfa og kjörnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Ísólfur Gylfi Pálmason

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing eystra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Jón G. Valgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Haldnir hafa verið 11 formlegir fundir á árinu og voru þeir m.a. haldnir í aðildarsveitarfélögunum og tók þá fulltrúi frá sveitarfélaginu þátt í fundinum.

Viðræðu við Sorpu/SSH hefur verið vísað frá stjórn til eigenda. Engir samningar eru í gildi um móttöku úrgangs og ríkir mikil óvissa um framhaldið. Greining hefur verið í gangi á úrgangsmálum á svæðinu en Stefán Gíslason hefur verið verkefnastjóri og stjórnin sjálf verið verkefnisstjórn. Jón fór einnig til Noregs til að kynna sér úrgangsmálin þar.

Markmiðið fyrir þennan aðalfund var að leggja fram tillögur vinnu Stefáns Gíslasonar og var áfangaskýrsla send í mars sl., svo kom valkostaskýrsla út nú í október. Á fundinum núna verða 23 tillögur lagðar fyrir fundinn.

Kirkjuferjuháleiga er nú í lokunaráætlunarframkvæmd en sú vinna sem hefur verið þar í gangi frá lokun hefur verið að ganga upp.

Orkugerðin, rætt hefur verið hvort hægt sé að taka á móti lífrænum úrgangi til viðbótar við það sem þar er, einnig er verið að skoða reksturinn og rekstrarumhverfið. Mikil starfsmannavelta er hjá Orkugerðinni og hafa m.a. verið 3 framkvæmdastjórar á árinu 2017. Verkefni næsta árs er að vinna úr þeim 23 tillögum sem lagðar verða fyrir fundinn nú. Fara þarf í viðræður og samningagerð um móttöku á úrgangi, endurskoða svæðisáætlun og vinna að markmiðum hennar, einnig þarf að skilgreina samstarfið við SASS.

5. Lögmati fundarins skv. niðurstöðu kjörnefndar

Ari Björn Thorarensen, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 7 aðalfulltrúa og 2 varafulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmaður.

6. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla SOS

Voru henni gerð skil í skýrslu framkvæmdastjóra fyrir á fundinum.

b) Endurskoðaðir reikningar 2016

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti ársreikning fyrir árið 2016, þar kom fram að rekstrartap er rúmlega 6,8 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2018

Jón G. Valgeirsson, formaður, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 154 m.kr. og rekstrargjöld um 156,8 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2018.

e) Tillögur um þóknun stjórnar

Lögð var fram tillaga um þóknun stjórnar.

f) Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar tillögur bárust.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarveitarfélögum

Engar tillögur bárust.

7. Erindi: Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur. Framtíð úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason tók til máls og ræddi um framtíð úrgangsmála á Suðurlandi. Nú hefur hann unnið að þessu verkefni í 1 ár og hefur það ár verið viðburðarríkt og tók hann það sérstaklega fram að stjórn SOS er frábær hópur að vinna með.

Verkefnið var að afla upplýsinga árið 2016 og finna út framtíðarúrræði í úrgangsmálum fyrir svæðið. Tvær stórar skýrslur hafa verið gefnar út, áfangaskýrsla með yfirliti yfir fyrirkomulag úrgangsmála í aðildarsveitarfélögum og helstu magntölur og valkostaskýrsla með umfjöllun um núverandi og æskileg afdrif einstakra

úrgangsflokka.

Skammtímasamningar við Sorpu skapa pressu. Einnig er fyrirkomulag úrgangsmála breytilegt eftir sveitarfélögum en óhætt er að segja að mikil þjónusta sé við rekstraraðila í dreifbýli en það er minna í þéttbýlinu.

Menn eru komnir stutt á veg í söfnun á lífrænum úrgangi en þetta stendur allt til bóta. Einnig er svæðið stutt komið með söfnun á plastumbúðum. Gjaldskrár eru of lágar en þessi málaflokkur á að standa undir sér hjá sveitarfélögunum. Úrgangshafarnir eiga að greiða fyrir þessa þjónustu, það er ákveðin feimni við að hækka sorphirðugjöld en það á ekki að vera.

Það magn sem fór í förgun hjá SOS árið 2016 var um 12.300 tonn, þar af fóru um 7.000 tonn til urðunar. Greiðslur SOS til Sorpu voru 108 millj. kr. árið 2016, hefði flokkun verið betri hefði mátt spara um 48 millj. kr. Lífrænn úrgangur er einnig mjög dýr fyrir sveitarfélögin. Ef hægt væri að flokka grófan úrgang betur, steypubrot, húsbúnað o.s.frv. þá væri hægt að spara talsvert. Talsvert af drykkjarumbúðum fer í ruslið en með enn meiri flokkun mætti spara mikið.

Fræðsla ein og sér getur skilað miklum peningum ef rétt er að henni staðið, það er ekki nóg að senda bækling í hús sem fer bara beint í bláu tunnuna, það þarf að gera þetta á árangursríkari hátt.

Textíluúrgangur ætti að fara í RKÍ, það myndi auka fjármagn til þeirra um 9 millj. kr. Ávinningurinn yrði bæði fyrir SOS og RKÍ, allt þetta ómerkilega sem fer í urðun er verðmæti fyrir RKÍ en urðun á textíl kostar sveitarfélögin mikið.

Miklar breytingar eru fram undan í úrgangsmálum. Í Brussel er verið að vinna að hringrásarhagkerfi. Það er að allt sem til fellur ætti að vera hægt að endurnýta. Það er sterk stefna að nýta úrgang sem auðlind en ekki sem vandamál. Losun úrgangs hefur áhrif á loftslagsmál, það þarf að passa upp á það. Valið stendur ekki á milli urðunar og endurvinnslu, heldur val á bestu endurvinnsluleiðum og val á förgunarleiðum þegar allt annað þrýtur.

Lagði Stefán fram 23 tillögur sem mótast hafa í samstarfi stjórnar SOS og Environice og virðast til þess fallnar að lækka kostnað og/eða bæta nýtingu auðlinda í anda hringrásarhagkerfisins.

1. Tillögur stjórnar SOS

1.1 Almenn

1. Öll ákvarðanatöku á vegum SOS um úrgangsmál verði í takti við þær áherslur sem endurspeglast í markmiðum og forgangsöröðun laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, í stefnu Íslands um úrgangsforvarnir og í fyrirliggjandi tillögum ESB um hringrásarhagkerfið. Jafnframt verði áhersla lögð á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangsmála, m.a. með hliðsjón af væntanlegri aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum.
2. Dregið verði úr myndun úrgangs eins og kostur er, stuðlað að endurnotkun, efnisendurvinnslu og orkuvinnslu, í þessari röð, og dregið úr förgun (urðun og brennslu) eins og framast er unnt.

1.2 Forgangsverkefni

3. Komið verði á sértækri söfnun lífræns heimilisúrgangs á öllu starfssvæði SOS m.t.t. umhverfislegs ávinnings. Lífræna úrganginum verði komið í jarðgerð og/eða gasgerð þar sem hagkvæmast þykir frá umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði til skemmri eða lengri tíma, svo sem með:
 - a. Samningum við úrgangsverktaka hverju sinni
 - b. Jarðgerð á einum eða fleiri stöðum á starfssvæði SOS, t.d. á Strönd
 - c. Jarðgerð á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar
 - d. Gas- og jarðgerð í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. (frá 2019)
 - e. Vinnslu í Orkugerðinni í Flóa
4. Komið verði á sértækri söfnun plastumbúða á öllu starfssvæði SOS m.t.t. umhverfislegs- og fjárhagslegs ávinnings.
5. Óflokkuðum úrgangi verði komið til förgunar þar sem hagkvæmast þykir frá umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði til skemmri eða lengri tíma, svo sem með:
 - a. Áframhaldandi urðun í Álfsnesi
 - b. Urðun á Suðurlandi, svo sem á Nessandi eða í Kirkjuferjuháleigu
 - c. Urðun annars staðar á Íslandi, svo sem í Fíflholtum eða í Stekkjarvík
 - d. Brennslu á Íslandi, svo sem í Kólku eða í nýrri brennslustöð, t.d. í Vestmannaeyjum eða á Ísafirði
 - e. Brennslu erlendis
6. Við næstu endurskoðun samþykktar sveitarfélaga á starfssvæði SOS um meðhöndlun úrgangs verði sett inn ákvæði um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, sbr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
7. Gjaldskrár allra sveitarfélaga á starfssvæði SOS verði leiðréttar til samræmis við ákvæði laga nr. 55/2003 þannig að þjónustugjöld vegna úrgangsmála standi undir kostnaði við málaflokkinn í viðkomandi sveitarfélagi.
8. Leitast verði við að færa gjaldskrár nær svonefndu PAYT-fyrirkomulagi, þannig að gjöld ráðist í auknum mæli af magni óflokkaðs úrgangs, svo sem út frá stærð íláta, fjölda ruslapoka, tíðni sorphirðu og/eða þyngd úrgangs. Innheimt gjöld af óflokkuðum úrgangi verði látin standa undir kostnaði við söfnun flokkaðs úrgangs.
9. Stefnt verði að samræmingu á flokkunarkerfum og útlitshönnun grenndarstöðva á starfssvæði SOS.
10. Gert verði átak í fræðslu um flokkun, frágang og endurvinnslu eftirtalinna úrgangsflokka til að koma í veg fyrir förgun og stuðla að sem bestri nýtingu. Sérstök áhersla verði lögð að upplýsa um notagildi og afdrif úrgangs í endurvinnslu og þann efnahagslega og umhverfislega ávinning sem henni fylgir. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld á landsvísu um fræðsluna og leitast við að laga hana að fyrirliggjandi þekkingu um aðferðir við félagslega markaðsfærslu.
 - a. Heyrúlluplast
 - b. Bylgjupappi
 - c. Sléttur pappír og fernur
 - d. Plastumbúðir
 - e. Drykkjarumbúðir með skilagjaldi
 - f. Lífrænn úrgangur frá eldhúsum

- g. Fatnaður, skófatnaður og textíll
- h. Raftæki
- i. Málmar
- j. Garðaúrgangur
- k. Kertaafgangar og notuð matarolía
- l. Seyra

1.3 Önnur verkefni

11. Öll seyra sem fellur til á svæðinu verði meðhöndluð, í „Saurbæ“ á Flúðum eða annars staðar, þannig að hún nýtist til landgræðslu.
12. Garðaúrgangi verði safnað á öllu starfssvæði SOS og komið í jarðgerð þar sem hagkvæmast þykir frá umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði til skemmri eða lengri tíma.
13. Komið verði í veg fyrir að óvirkur úrgangur sé urðaður með óflokkuðum úrgangi og honum þess í stað komið til urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang, t.d. á Strönd.
14. Kannaðir verði möguleikar á betri flokkun á byggingarúrgangi og öðrum grófum úrgangi til að koma í veg fyrir að óvirkum úrgangi, málmum og timbri sé fargað sem grófum úrgangi.
15. Opnum gámasvæðum verði fækkað eftir föngum og eftirlit aukið, t.d. með eftirlitsmyndavélum, til að draga úr líkum á rangri notkun og ófullnægjandi flokkun.
16. Leitað verði leiða til söfnunar á kertaafgöngum og notaðri matarolíu og úrvinnslu úr þessum úrgangsflokkum, t.d. í samstarfi við Vistorku ehf. á Akureyri, VISS á Selfossi og aðra aðila.

1.4 Aukið samstarf

17. Halðið verði áfram viðræðum og vinnu við viljayfirlýsingu með Sorpu bs. um lausnir varðandi förgun úrgangs, svo og við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (Kölkú) og Sorpurðun Vesturlands ehf. um samvinnu og sameiginlegar lausnir.
18. Leitað verði samstarfs við Atorku f.h. atvinnurekenda á starfssvæði SOS um nýtingu lífræns úrgangs sem fellur til hjá þeim.
19. Leitað verði samstarfs við Landssamband sumarhúsaeygenda um úrbætur varðandi úrgangsmál við sumarhús á starfssvæði SOS.

1.5 Samskipti við stjórnvöld

20. Þrýst verði á stjórnvöld að banna sem fyrst urðun dýraleifa úr áhættuflokki 3 og annars lífræns úrgangs og styðja við nýtingu þessara auðlinda í anda hringrásarhagkerfisins.
21. Þrýst verði á stjórnvöld að tryggja afkastagetu í brennslu til að koma megi förgun dýrahreja í viðunandi horf á landsvísu.
22. Þrýst verði á stjórnvöld að herða eftirlit með brennsluofnum sláturleyfishafa m.t.t. lýðheilsusjónarmiða og til að fyrirbyggja að ofnarnir séu nýttir til annars en brennslu á dýraleifum úr áhættuflokki 1, sem falla til í viðkomandi sláturhúsi.
23. Þrýst verði á stjórnvöld að kanna ónýtta möguleika til eldsneytisframléiðslu úr dýraleifum í áhættuflokki 2.

Tillögur sem að Stefán Gíslason lagði fram voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

8. Almennar umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurlaug Gröndal, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnsteinn Ómarsson og Björgvin Skafti Bjarnason tóku til máls.

9. Afgreiðsla á tillögum c, d, og e

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2018 verði samþykkt.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2018 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt var til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillaga að gjaldskrá var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillögur að þóknun stjórnar verði samþykktar.

Tillögur að þóknun stjórnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

10. Kosningar

a) Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aðalmenn:

Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi
Ásta Stefánsdóttir, Árborg
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra
Anna Björg Níelsdóttir, Hveragerði
Ari Thorarensen, Árborg

Varamenn:

Einar Bjarnason, Skeið- og Gnúpverjahl.
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Árborg
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþ. eystra
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Gunnar Egilsson, Árborg

Formaður Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi.

Tillaga kjörstjórnar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Jón G. Valgeirsson, formaður, tók til máls og þakkaði traustið fyrir hönd stjórnar. Nú mun stjórnin fara að vinna úr tillögunum sem samþykktar voru á fundinum. Einnig þakkaði hann starfsmönnum og fundargestum fyrir góðan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 10:33